

Námskeið: Þjálfun í raunfærnimati

Fimmtudaginn 7. apríl kl. 09.00 til 16.00

Föstudaginn 8. apríl kl. 09.00 til 16.00

Námskeiðið er haldið á Akureyri, hjá Símei, símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Þórsstíg 4 og er þátttakendum að kostnaðarlausu. Námskeiðið er samtals 15 kennslustundir.

Námskeiðslýsing

Námskeið þetta er ætlað tilvonandi matsaðilum (fagaðilum), náms- og starfsráðgjöfum og verkefnisstjórum í raunfærnimati. Tilgangur námskeiðsins er að kynna fyrir þátttakendum hugtakið raunfærnimat og þjálf þá í því að vinna við raunfærnimat samkvæmt því ferli sem þróað hefur verið hér á landi. Námskeiðið er liður í því að formfesta raunfærnimatsferlið, stuðla að gæðum og mæta síauknum þörfum og eftirspurn eftir raunfærnimati í samræmi við kostnaðarþátttöku ríkisins.

Leiðir á námskeiðinu

Á námskeiðinu verður farið yfir þróun raunfærnimats í Evrópu sem og héraendis og fyrirbærið skilgreint. Farið verður yfir það raunfærnimatsferli sem þróað hefur verið hér á landi og greiningardæmi til glöggvunar á framkvæmd þess. Lögð er áhersla á almenna virkni þátttakenda í gegnum umræður og æfingar í hópum þar sem þátttakendur fá tækifæri til að byggja upp færni í að meta raunfærni á uppbyggilegan og réttmætan hátt og finna lausnir á álitamálum.

Þátttakendur fá tækifæri til að ræða saman um reynslusögur einstaklinga sem hafa farið í gegnum raunfærnimat og ígrunda eigið viðhorf gagnvart raunfærnimati. Stuðst verður við *Leiðarvísi um mat á raunfærni*, bæklinginn *Raunfærni-Raunfærnimat (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins)* ásamt ítarefni sem byggir á reynslu og skýrslum frá ýmsum Evrópulöndum og Evrópusambandinu.

Mat á árangri námskeiðsins

- Umræðuverkefni og lausn greiningardæma.
- Sjálfsmat þátttakenda á eigin færni út frá þar til gerðum gátlista (færnikröfur fyrir matsaðila í raunfærnimati).
- Mat kennara á framlagi þátttakenda í verkefnum.

Námskeiðið er haldið af Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Skráning og nánari upplýsingar:

Haukur Harðarson

haukur@frae.is

599-1400